

Afbrýðisami trúðurinn

Enrico Caruso söng ekkert hlutverk oftar en hlutverk afbrýðisama trúðsins í *Pagliacci*. Hann átti það til að snökta í fimm mínútur í búningsherbergi sínu eftir fyrsta þátt, sem lýkur með ariunni frægu *Vesti la giubba*. Hana syngur miðaldra trúður í sárri örvæntingu, þegar hann hefur komizt á snoðir um ótrygglyndi ungrar eiginkonu sinnar. Hann syngur um hlutskipti sitt: að þurfa að klæða sig í trúðsgervið eins og ekkert hafi í skorizt og halda áfram að láta eins og fífl fyrir leikhúsgesti, þótt hjarta hans sé að springa af harmi. Stundum þyrmdi svo yfir Caruso við þennan söng, að hann féll niður af leiksviðinu. Caruso var hálfertugur að aldri, þegar sambýliskona hans og móðir sona hans tveggja hvarf að heiman einn góðan veðurdag, tók synina með og lét ekki í sér heyra eftir það. Hún skildi eftir stutt bréf þess efnis, að hún elskaði hann ekki lengur og kæmi aldrei aftur. Caruso varð hamslaus. En hann varð að syngja *Pagliacci* þetta sama kvöld. Hann söng *Vesti la giubba* um sjálfan sig, betur en nokkru sinni fyrr. Löngu síðar lýsti hann þessu þannig fyrir síðari konu sinni, þegar hún spurði hann, hvers vegna hann hefði svo mikið vald yfir áheyrendum sínum: „Ég hef þjáðst svo mikið, Dóra mín. Þetta finna þeir, þegar ég syng, og þess vegna gráta þeir. Fólk, sem aldrei hefur þjáðst, getur ekki heldur sungið.“ Caruso skrifaði Dóru ófá ástarbréf á söngferðalögum sínum um allar jarðir. Einu bréfinu lauk hann með þessum orðum: „Ég er tekinn að eldast og óttast, að þú munir hætta að elska mig. Ef svo færi, þá myndi ég drepa þig ... og sjálfan mig. Þinn Rico.“ Ári síðar var hann allur, tveim árum fyrir fimmtugt.

Pietro Mascagni varð heimsfrægur fyrir *Cavalleria Rusticana*, raunsæja óperu um ást og afbrýði í sveitaborpi á Sikiley. Á frumsýningunni í Róm 1890 voru listamennirnir og höfundurinn kallaðir fram 60 sinnum í leikslok. Óperan fór eins og eldur í sinu um Evrópu og Ameríku. Ruggero Leoncavallo ákvað að gera enn betur í sama raunsæisstíl (ít. *verismo*). Á fimm mánuðum samdi hann *Pagliacci*, bæði tónlist og texta. Hann sótti efniviðinn í nýlegt dómsmál í Kalabríu, syðst á Ítalíu. Óperan segir frá trúðnum Canio, sem myrðir unga eiginkonu sína og elskhuga hennar í afbrýðisæði fyrir fullu fjölleikahúsi. *Pagliacci* var forkunnarvel tekið á frumsýningunni í Mílanó 1892 undir stjórn Toscaninis. Óperan fór sigurför um heiminn: hún var sýnd í Vín sama ár og í London og New York árið eftir. *Cav* og *Pag* náðu varanlegri fóttfestu á verkefnaskrá allra helztu óperuhúsa.

Líkt og Mascagni samdi Leoncavallo margar aðrar óperur og óperettur á eftir *Pagliacci*, en engin þeirra hefur staðizt tímans tönn. Ein var *La Bohème*. Leoncavallo þekkti leikritið, samdi óperutexta upp úr því og bauð Puccini vini sínum að semja óperu við textann. Puccini hafnaði boðinu, svo að Leoncavallo ákvað þá að semja óperuna sjálfur. Leoncavallo var kominn vel á veg með tónlistina, þegar hann komst að því að, að Puccini var í óða önn að semja óperu um – hvað annað? – *La Bohème*! Leoncavallo brást ókvæða við þessum tíðindum. Þeir skiptust á meinfýsnum yfirlýsingum í dagblöðum. Puccini var sallarólegur og sagði: „Hann semur sína, ég sem mína, og fólkíð dæmir.“ Öll Mílanó iðaði af æsingi yfir einu mesta missætti óperusögunnar. Puccini varð fyrri til. *La Bohème* eftir hann var frumsýnd í Túrínó 1896 undir stjórn Toscaninis. *La Bohème* eftir Leoncavallo var frumsýnd í Feneyjum 1897 og vakti þá meiri hrifningu en verk Puccinis hafði gert árið áður. Dómur óperugesta átti þó eftir að snúast Puccini í vil. *La Bohème*

eftir Puccini hefur æ síðan verið ein allra vinsælasta ópera heims, en gerð Leoncavallos heyrir sjaldan, og næstum aldrei utan Ítalíu.

Alla ævi reyndi Leoncavallo að endurheimta hyllina, sem hann hafði hlotið fyrir *Pagliacci*. Á námsárunum hafði hann ætlað sér að semja metnaðarfullan þrúleik í anda endurreisnartímabilsins og stofna til samjafnaðar við Wagner og *Niflungahringinn*. Leoncavallo ákvað þó að spreyta sig heldur á öðrum vettvangi, þar sem hann þóttist eiga von um skjótan frama. Honum tókst það þrúðilega með *Pagliacci*, en aldrei aftur. Síðasta óperettan hans heitir *Hver á þetta sokkaband?* Nafngiftin vitnar ekki um fyrirheit og metnað æskuáranna. En *Pagliacci* er snilldarverk.

Þorvaldur Gylfason.